


Skýrslur um umhverfismat FSÍ III:

**SKÝRSLA UM MENNINGARMINJAR VIÐ  
FYRIRHUGAÐ VEGARSTÆÐI ÓLAFSVÍKURVEGAR OG  
ÚTNESSVEGAR SUNNAN FRÓÐÁRHEIÐAR.**

*Adolf Friðriksson*

*Fornleifastofnun Íslands*

*FS039-97081*



© Fornleifastofnun Íslands 1997

Laufásvegi 2, 101 Reykjavík

Pósthólf 883, 121 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@mmedia.is](mailto:fsi@mmedia.is)

## *Efni*

Inngangur .....	4
Um umhverfismat vegna fornminjagæslu .....	5
Minjasvæðið í landi Búða og Axlar .....	6
<i>Fyrri athuganir</i> .....	7
Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði .....	9
Sn-050 Búðir, Staðarsveit .....	9
Sn-066 Öxl, Breiðuvíkurbreppur .....	11
Vettvangsrannsókn .....	11
Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar .....	12
Niðurstöður .....	13
Heimildir .....	15

## *Inngangur*

Á Snæfellsnesi er fyrirhugað að gera endurbætur á Útnesvegi og Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar. Fór Vegagerðin þess á leit við þjóðminjavörð að gert yrði fornleifamat í tilefni þessara framkvæmda<sup>1</sup>. Óskaði þjóðminjavörður eftir að þetta verk og önnur fyrirliggjandi matsverkefni á Vesturlandi 1997 yrðu unnin af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands<sup>2</sup>. Óskaði Vegagerðin eftir að umsögn þjóðminjavarðarembættisins um matið lægi fyrir 1. október 1997. Í bréfi Vegagerðar eru matsverkefni á þessu svæði tilgreind í tveimur liðum: "Ólafsvíkurvegur frá Bjarnafossi í Staðarsveit upp Fróðárheiði austanverða"<sup>3</sup>, og "Tenging Útnesvegur af fyrirhuguðum Ólafsvíkurvegi hjá Hraunhafnará að Öxl"<sup>4</sup>. Þar eð þessi tvö svæði eru samliggjandi voru þessi verkefni unnin samtímis. Var umhverfismatið unnið í júlí og ágúst 1997.

Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á hinu nýja vegastæði. Engar reglur gilda um hvernig leggja skal mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á framkvæmdasvæði. Fornleifaskráning hefur heldur ekki verið unnin í Staðarsveit eða Breiðuvíkurbreppi til þessa. Rannsóknir sem þessar eru vandasamar, því nauðsynlegt er að reyna að ganga úr skugga um að engar minjar sé að finna þar sem jarðrask er fyrirhugað. Er það ekki auðhlaupið verk og eflaust verður seint unnt að fullyrða að engar minjar sé að finna á tilteknum stað, því flestar fornleifar eru huldar sverði og engin ummerki að sjá á yfirborði. Það er vandalítið að finna minjar frá síðari tímum sem enn sér móta fyrir við vettvangskonun, en öllu meiri kúnst að segja fyrir um hvað jörðin geymir á öðrum stöðum. Er brýn þörf á að þróa aðferðir við umhverfismat sem þjóna hagsmunum framkvæmdaáðila á skilvirkan hátt, þar sem fundnir verði þeir staðir er ella kæmu ekki í ljós fyrr en framkvæmdir hefjast. Er það

---

<sup>1</sup>Sbr. bréf Vegagerðarinnar dags. 23. júní 1997 til þjóðminjavarðar, "Fornleifamat vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda á Vesturlandi".

<sup>2</sup>Sbr. bréf þjóðminjavarðar til FSÍ, dags. 7. júlí 1997.

<sup>3</sup>Sbr. liður nr. 3 í áðurnefndu bréfi Vegagerðarinnar.

<sup>4</sup>Sbr. liður nr. 4. í áðurnefndu bréfi.

hagsmunamál bæði framkvæmdaaðila og minjavörslu að fornleifar komi ekki í ljós fyrr en þá, því það getur valdið töfum og kostnaði við verkið og grípa verður til verkstöðvunar og vinna rannsóknir við óheppileg skilyrði og í tímaþröng. Er þess að vænta að ráðist verði í slíkt þróunarstarf fyrr en síðar en hér er stuðst við þær aðferðir sem gefa hámarksupplýsingar við þessar aðstæður.

Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru loftljósmyndir, kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Gengið var eftir fyrirhuguðum vegarstæðum og nágrenni þeirra kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í þessari skýrslu er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat<sup>5</sup>, þar sem greint er frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

### *Um umhverfismat vegna fornminjagæslu*

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...". Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari nýju löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar

---

<sup>5</sup>Sbr. Adolf Friðriksson (1997) *Skýrslur um umhverfismat FSÍ II: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessveggar um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, FS038-97071, Reykjavík. Eftirfarandi kafli um "Umhverfismat vegna fornleifagæslu" sem samhljóða samnefndum kafla í fyrri skýrslu.

fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
  - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

### *Minjasvæðið í landi Búða og Axlar*

Öxl er innsti bær í Breiðuvíkurbreppi og stendur skammt utan vegamóta Ólafsvíkurvegar og Útnesvegur. Samkvæmt Landnámu bjó Ásmundur Atlason í Öxl og er þar sagt að hann hafi verið heygður í Ásmundarleiði<sup>6</sup>. Var lagður þræll í haug með honum. Ásmundur kunnir þeim félagsskap illa og var þrællinn síðar tekinn úr haugnum. Á sextánda öld, bjó þar hinn frægi óbótamaður Axlar-Björn<sup>7</sup>. Sagt er að hann hafi drepið 18 manns og sett líkin í Ígultjörn, fyrir neðan tún bæjarins.

Búðir eru bújörð og kirkjustaður vestast í Staðarsveit, og er við Búðaósa Búðahrauns. Á

---

<sup>6</sup>ÍF I, bls. 102.

<sup>7</sup>Sbr. *Íslenskar þjóðsögur*, II, bls. 113 o.áfr.

miðöldum var skipalægi í ósnum er þá hét Hraunhafnarós. Hraunhöfn var þá helsta jörðin. og þar var hálfkirkja, en árið 1703 var kirkjan flutt að Búðum. Skammt sunnan Hraunhafnar er Hraunhafnarbakki. Talið er að þar hafi verið bærinn Bakki, sem nefndur er í Eyrbyggju sem bústaður Arnbjarnar bróður Björns Breiðvíkingakappa. Verslun hófst snemma að Búðum og náði verslunarsvæðið á einokunarskeiðinu um allt sunnanvert Snæfellsnes og Mýrasýslu. Stóðu verslunarhúsin á Fremri-Búðum eða Fram-Búðum en síðar að Óskoti (nú Tjaldbúðir). Verslunarhúsin hjá Óskoti brotnuðu í Músabylnum 1799 og voru þá flutt og byggð að Búðum. Fram eftir 19. öld var þar blómleg verslun. Að Búðum voru fjölmargar þurrabúðir og verbúðir fyrir og síðar og víða er enn að sjá leifar þessa.

### *Fyrri athuganir*

Engin kerfisbundin skráning hefur verið unnin í Staðarsveit eða Breiðvíkurhreppi og því er ekki vitað hvað margar minjar þar er að finna eða hver séu helstu einkenni mannvistarleifa á svæðinu. Frá öndverðri 18.öld er þó að finna nokkur heimildabrot um fornleifar sem vert er að greina frá.

Í leiðangri sínum um Snæfellsnes við jarðabókaskrif 1714 nefnir Árni Magnússon tóftir í landi Axlar: "Forna Öxl er hjer kallað innanlands. Þar eru fornar byggíngaleifar sýnilegar, og eru so munnmæli, að hjer hafi bærinn Öxl að fornu verið"<sup>8</sup>. Ekki eru nefndar þar aðrar minjar. Fyrsta skráning minja á jörðum í Staðarsveit og Breiðvíkurhreppi var gerð af séra Ásgrími Vigfússyni (1758-1829) árið 1817. Hann var þá sóknarprestur Laugarbrekku- Lóns- og Knarrarsókna og tók saman skýrslu um fornleifar í sóknunum þremur að ósk hinnar konunglegu nefndar til varðveislu fornleifa. Ásgrímur sendi nefndinni skýrslu sem var ýtarlegri en flestar aðrar skýrslur sem nefndin safnaði úr öllum sóknum á árunum 1817-1823<sup>9</sup>. Ekki greinir Ásgrímur frá neinum fornleifum í landi Búða, en segir svo um minjar á Öxl:

"Í Axlarhólum i Knarar Sókn er eitt stórt Holt, sem kallad er Ásmundar Leidi, fyrir mñnumm Síonumm sannarlegt Náttúrunnar verk, meir enn 400 fadma ummáls, mun þó hid sama, sem Landná: 4. part: 6. Cap: ummtalar, er þó þánke minn, Haugur sá, se bæde minne og nær þeim gamla Axlar Bæ, sem aflagdist og

---

<sup>8</sup>Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, V*, Kaupmannahöfn, 1931-1933, bls. 141.

<sup>9</sup>Þessar skýrslur hafa verið gefnar út í eftirfarandi riti: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar, 1983 [hérefitir skammstafað "FF".

fluttur var vegna Reimleika/: segir Almúge:/ eftir þau 18. manna mord er Axlar-Biörn framde þar, enn Tiörn er þar skamt frá Bæartóftunum er hann skal hafa borid öll Líkinn i; Annars hef eg ecke þetta rétt vel ransakad, þvj bæde er það nockud af vege og lika utast i Sóknnum mínumm, enn hefi lítid Skrif eda bevis fyrir annad enn Almenníngs Sogusagnir"<sup>10</sup>.

Urðu nokkur bréfaskipti milli nefndarinnar og Ásgríms, enda var hann meðal áhugasömustu fornleifakönnuða á sínum tíma. Í einu bréfi til nefndarinnar nefnir hann enn minjar í Axlarlandi og er með nýja tilgátu um greftrunarstað Ásmundar: "Á Flóanumm ofann Búda-hraun nedann Öxl hvar Asmundur bió, er eirn stór Hóll... hef eg nú nylega imindad mér, ad þesse Hóll munde vera það rietta Asmundar-leidi er Landnáma ummtalar"<sup>11</sup>. Ekki hafa fræðimenn og fornleifakönnuðir verið sammála um hvar Ásmundarleiði sé að finna og ýmsar fleiri getgátur komið fram sem hér verða ekki raktar<sup>12</sup>. Collingwood og Jón Stefánsson gerðu þar uppgroft 1897 og fundu leifar af tré og málm en ekki fullvissu um að þar hafi verið greftrunarstaður<sup>13</sup>. Brynjúlfur Jónsson skoðaði Ásmundarleiði og meintar leifar Axlar fornu árið 1899. Eru þessar forneifar Fornu-Axlar einu friðlýstu minjarnar á þessu svæði<sup>14</sup>. Friðlýsti Matthías Þórðarson þáverandi Þjóðminjavörður þessa staði 1928, á grundvelli rannsókna Brynjúlfs Jónssonar. Frá því er Brynjólfur fór þar í könnunarleiðangur á vegum Fornleifafélagsins árið 1899 hefur fornleifakönnun ekki verið gerð á þessum slóðum. Svæðisskráning og eða aðalskráning fornleifa er ekki hafin í Staðarsveit eða Breiðuvíkurbhreppi

---

<sup>10</sup>Ásgrímur Vigfússon: "Laugarbrekka. I, Fornleifaskýrsla, 19. júlí 1817, nr.1., í FF, bls. 314.

<sup>11</sup>Bréf Ásgríms til nefndarinnar, 6. ágúst 1818, nr. 74, FF, bls. 322-323.

<sup>12</sup>Sjá: Árni Thorlacius, « Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, að svo miklu leyti, sem við kemur Þórsnes þingi hinu forna », *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta*, II (1886), 1861, pp. 277-298 ; W[illiam] G. Collingwood og Jón Stefánsson, *A Pilgrimage to the Saga-Steads of Iceland*, Ulverston, W. Holmes, 1899, bls. 71 ; Brynjúlfur Jónsson (1900) "Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899", *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 26-27 ; Ólafur Lárusson, *Snæfellsnes I. Landnám á Snæfellsnesi*, Reykjavík, 1945, bls. 79.

<sup>13</sup>Kristján Eldjárn sleppir þessum stað í heildarskrá sinni um kuml á Íslandi og hefur því ekki talið að þar hafi fundist heiðin gröf svo óvefengjanlegt geti talist, sjá: Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri, Norðri, 1956.

<sup>14</sup>Sbr. Skrá um friðlýstar fornleifar, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 1991, bls. 26. Hið svokallaða Ásmundarleiði er nú í Syðri-Knarrartungulandi, sbr. nmgr. 26, bls. 26 (Þjms könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Karls Eiríkssonar, Öxl).



og ekki eru áform um að hefja þar skráningu að sinni<sup>15</sup>.

### *Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sem nær yfir jarðinar Búðir og Öxl. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Sn-066:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Skiptist skráin í dálka þar sem fram koma: fornleifanúmer, staðarheiti, tegund fornleifa og hlutverk. Þessi skrá er ekki fullkomin, enda hefur hvorki svæðisskráing né aðalskráning fornleifa farið fram á þessu svæði. Við frekara skráningarstarf mun án efa bætast við skrána. Þó skráning fornleifa hafi ekki verið unnin, eru til allnokkrar heimildir er gefa mynd af gerð og fjölda minja á svæðinu. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna á þessum slóðum. Til eru á Örnefnastofnun skrár yfir örnefni allra þeirra bæja sem eru á svæðinu. Auk þeirra var einkum stuðst við jarðabækur. Nýttust allar þessar heimildir mjög vel við athuginina. Heimildakönnunin leiddi í ljós að á svæðinu eru a.m.k. 50 minjastaðir og við vettvangsrannsókn kom í ljós tóftabyrping sem hlaut eitt númer. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér er birt heildarskrá yfir alla þekkta staði.

#### **Sn-050 Búðir, Staðarsveit**

<u>Fornleif nr.</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
Sn-050:001	Búðir	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:002	Hraunhöfn (Sn-051)	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:003	Hraunhafnarbakki (Sn-052)	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:004	Landakot (Sn-053)	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:005	Klettakot (Sn-054)	heimild	bústaður

---

<sup>15</sup>Rétt er að nefna að Þjóðminjasafn hóf söfnun upplýsinga um sýnilegar fornleifar innan verndarsvæðis við utanvert Snæfellsnes árið 1996 og stendur hún enn yfir, en skýrslur um árangurinn til þessa liggja ekki fyrir.

Sn-050:006	Bakkafit (Sn-055)	heimild	bústaður
Sn-050:007	Bakkabúð (Sn-056)	heimild	bústaður
Sn-050:008	Búðabær (Sn-057)	heimild	bústaður
Sn-050:009	Arabía (Sn-058)	heimild	bústaður
Sn-050:010	Balabúð (Sn-059)	heimild	bústaður
Sn-050:011	Oddsþúð (Ólafsbúð) (Sn-060)	heimild	bústaður
Sn-050:012	Gjóta (Sn-061)	heimild	bústaður
Sn-050:013	Pjatla (Sn-062)	heimild	bústaður
Sn-050:014	Bentsbær (Sn-063)	heimild	bústaður
Sn-050:015	Efra Hraunhafnarkot	heimild	bústaður
Sn-050:016	Syðra Hraunhafnarkot	heimild	bústaður
Sn-050:017	Snæbjarnarbúð	heimild	bústaður
Sn-050:018	Valdísarbúð	heimild	bústaður
Sn-050:019	Teitsbúð/Jónsbúð	heimild	bústaður
Sn-050:020	Þorarensbúð/Pétursbúð	heimild	bústaður
Sn-050:021	Sverrisbúð/Hroniarbúð	heimild	bústaður
Sn-050:022	Jörundarbúð/Bjarnabúð	heimild	bústaður
Sn-050:023	Oddshjallur	heimild	bústaður
Sn-050:024	Oddsþofi/Ólufarkofi	heimild	bústaður
Sn-050:025	Brandsbúð/Guðrúnarbúð	heimild	bústaður
Sn-050:026	Börguhjallur	heimild	bústaður
Sn-050:027	Snoppa	heimild	bústaður
Sn-050:028	Fremri-Búðir	heimild	verslunarstaður
Sn-050:029	Hnararbúð	heimild	verbúð
Sn-050:030	Vatnsholltsbúð	heimild	verbúð
Sn-050:031	Volkukofi/Helgukofi	heimild	bústaður
Sn-050:032	við Hraunhöfn	heimild	kirkja
Sn-050:033	Hraunhafnarós	sögustaður	skipalægi
Sn-050:034	Ósakot (Tjaldbúðir)	heimild	bústaður
Sn-050:035	Hrófsnes	heimild	naust
Sn-050:036	Geitnabyrgi	heimild	

Sn-050:037	Búðahellir	hellir	
Sn-050:038	Danskahússtekkur	heimild	stekkur
Sn-050:039	Sandholt (Danskahús)	heimild	bústaður
Sn-050:040	Bjarnarfoss	heimild	bústaður
Sn-050:041	Bjarnarfosskot	heimild	bústaður
Sn-050:042	Bentsbæjarskemma	heimild	bústaður
Sn-050:043	Klettsgata	heimild	leið
Sn-050:044	---	rústaþyrping	

Heimild: JÁM, V, bls. 112-118; JJ, bls. 143; Ö-Búðir (a) : Búðir [örnefnaskrá ]. Lúðvík Kristjánsson skráði árið 1935 ; Ö-Búðir (b) : Búðir [örnefnaskrá]. Ari Gíslason skráði ; Ö-Búðir (c) : Búðir - viðbætur [örnefnaskrá]. Kristján Guðbjartsson skráði.

### Sn-066 Öxl, Breiðuvíkureppi

Fornleifanúmer	Heiti	Tegund	Hlutverk
Sn-066:001	Öxl	bæjarhóll	bústaður
Sn-066:002	Forna-Öxl	bæjarhóll	bústaður
Sn-066:003	Iglutjörn/Ígultjörn	þjóðsaga	
Sn-066:004	Ásmundarleiði	sögustaður	legstaður
Sn-066:005	Kinn	bæjarhóll	bústaður

Heimildir: JÁM, V, bls. 141-142; JJ, bls. 144 ; Ö-Öxl.

### Vettvangsrannsókn

Vettvangsathugun á og við ný vegarstæði a) Ólafsvíkurvegar frá Bjarnafossi upp Fróðárheiði austanverða, og b) Útnesveggar frá fyrirhuguðum Ólafsvíkurvegi hjá Hraunhafnará að Öxl á Snæfellssnesi var unnin dagana 19. og 26. júlí 1997. Gengið var eftir veglínu og leitað sýnilegra ummerkja um fornleifar. Stuðst var við veglínúmerkingar og uppdrætti Vegagerðar af vegarstæðinu. Eru uppdrættir í mælikvarðanum 1:5 000 og sýna eldri veg og nýtt vegastæði, auk nokkurra örnefna, hæðalína, lækja, og skurða. Engin sérstök vandkvæði voru á að rekja vegastæðið á vettvangi með stuðningi þessara gagna. Veglínurnar eru alls 5. 8 km á lengd og liggja um jarðir Axlar í Breiðuvíkureppi og Búða í Staðarsveit.

### *A) Ólafsvíkurvegur*

Fyrirhugað er að færa veginn sunnar en nú er. Mun vestasti hluti vegarins (þ.e. 26600-25600 sbr. uppdr. Vegag.) liggja að mestu í eða við eldra vegastæði á um 1.0 km kafla. Þá sveigir hann ögn norður fyrir eldri veg og tekur svo nýja stefnu við eldri gatnamót við Útnesveg og gengur í sveig um 350 m sunnan við Hraunhöfn, en 200 m norðan Hraunhafnarárþakka, og þaðan í beinni stefnu um 100 m sunnan Landakots og loks sveigir að eldra vegastæði á móts við Grafarlæk.

Við vettvangskönnun á þessu vegarstæði var leitað ummerkja um fornar mannvistarleifar. Á einum stað liggur fyrirhugað vegastæði yfir fornleifasvæði. Það er við austasta hluta nýja vegarins, um 500 metrum vestan við staðinn þar sem nýji vegurinn nær gamla vegastæðinu, og um 200 metrum norðaustan Hraunhafnarár (sjá kort). Þessi veghluti merktur sem 23700-23800 á korti vegagerðarinnar. Minjasvæðið hefur táknið Sn-050:044 í ofangreindri fornleifaskrá. Aðrar minjar fundust ekki. Hinsvegar verður vegurinn lagður nærri bæjaleifum í Hraunhöfn og Landakoti og ber því að fara með gát nærri þeim stöðum við framkvæmdina.

### *B) Útnesvegur*

Fyrirhugað er að færa veginn neðar í slakkann en sem nú er. Hefst nýframkvæmdin um 150 vestan við Öxl í núverandi vegastæði sveigir svo af því niður í hlíðina ofan Axar og í stefnu við Hraunhafnarárþakka, en sveigir síðan til norðausturs á móts við heimreiðina að Búðum og liggur í boga um 100 m vestan Hraunhafnarárþakka og tengist Ólafsvíkurvegi 50 m suðvestan árinna.

Við vettvangskönnun var leitað ummerkja um fornleifar í vegarstæðinu. Friðlýstar minjar, s.k. Ásmundarleiði og leifar Axlar fornu eru ekki í hættu. Við vegagerðina verður hinsvegar óhjákvæmilega rask nærri bænum Öxl og nærri bæjarleifum á Hraunhafnarþakka sem takmarkar að nokkru athafnasvæði við framkvæmdina, eða kallar a.m.k. á aðgæslu þar.

### *Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar*

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á svæðinu í heild eru a.m.k. 50 staðir sem teljast fornleifar samkvæmt lögbundinni skilgreiningu þar um og eru því friðhelgir.

Fyrirhuguð vegagerð mun verða allnokkur framkvæmd og mætti ætla að margir minjastaðir yrðu því í uppnámi. Ofangreind skrá sem tekin var saman í tilefni þessara framkvæmda er sá grundvöllur sem mat á áhrifum á menningarminjar byggir á. Það er niðurstaða þessa mats að engar skráðra menningarminja, þ.e. fornleifa sem sýnilegar eru á yfirborði eða koma fram í

heimildum, sé að finna í sjálfu vegastæðinu - að frátalinni meintri rústaþyrpingu Sn-050:044. Sjá má á vettvangi og á loftmynd móta fyrir óljósum mannvistarleifum á móts við 23700-23800 á korti vegagerðar. Ekki er kunnugt um frá hvaða tíma eða hvers eðlis þessar minjar eru. Miðað við fyrirhugaða áætlun mun vegurinn verða lagður yfir hluta svæðinsins. Nauðsynlegt er að gera þar nánari könnun áður en ráðist verður í vegaframkvæmdir. Hugsanlegt er að ummerkin sem sjást séu í raun óvenjuleg náttúrumyndum, en öllu líklegra er að hér sé um fornar rústir að ræða. Gera þarf könnunargróft til að ganga úr skugga um hvers eðlis þessar minjar eru og hver eru ystu takmörk minjastaðarins. Á grundvelli þeirrar könnunar verður unnt að skera úr um hvort leita þurfi heimildar til að gera þar björgunargróft og hefja síðan vegaframkvæmdir, eða hvort breyta þurfi fyrirhuguðu vegastæði (sbr. 21. gr. þjóðminjalaga).

Ekki er unnt að segja til um hvort fleiri minjar kunni að koma í ljós þegar framkvæmdir hefjast, þó vettvangsrannsókn og heimildakönnun sýni engar aðrar minjar í vegastæðinu. Er ólíklegt að óþekkt, forn mannvirki finnist á vestasta hluta Ólafsvíkurvegar, enda liggur hann að mestu í eða við eldra vegastæði og ekki er sennilegt að á þessu svæði sem er að mestu urð og bratt að auki hafi staðið mannvirki. Hinsvegar gætu minjar fundist á svæðinu þar sem vegurinn liggur um flatlendið sunnan Hraunhafnar og Landakots, en norðan Hraunhafnarárþakka. Í þessu samhengi er rétt að hyggja að því að vegurinn verður lagður um jarðir þar sem fjöldi hjáleiga, grasbýla og búða hafa verið reist á síðari tímum. Þar hafa einnig verið kaupskipalega og verslun um aldir og því kunna minjar frá þeirri tíð að leynast víða. Sömu sögu er að segja um vegastæði Útnesvegar. Helstu hættusvæðin eru við Öxl og í hjallanum norðaustur frá bænum annarsvegar og flóinn vestan Hraunhafnarárþakka hinsvegar.

Þó ekki hafi komið fram að aðrar minjar sé að finna í sjálfu vegastæðinu að áðurnefndri rústaþyrpingu frátalinni, er brýnt að höfð sé aðgát víðar er framkvæmdir hefjast, því nokkrir minjastaða eru nálægt veginum og kunna því að vera í uppnámi þegar framkvæmdir hefjast.

Þekktar menningarminjar sem næstar eru vegarstæðinu eru þessar:

Sn-050:002	Hraunhöfn	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:003	Hraunhafnarárþakki	bæjarhóll	bústaður
Sn-050:004	Landakot	bæjarhóll	bústaður
Sn-066:001	Öxl	bæjarhóll	bústaður

Er nauðsynlegt að hafa fyllstu gát við framkvæmdir nærri þessum stöðum, því hér er í öllum tilfellum um leifar bæjarhúsa að ræða. Nærri bæjum stóðu jafnan útihús og ýmis önnur

mannvirki og því kunna slíkar leifar að koma fram síðar. Á þetta einkum við Hraunhafnarárþakka. Þar verður Útnesvegur lagður aðeins um 150 vestan tóftanna og að auki liggur Ólafsvíkurvegur þar skammt norðan við. Verður því mesta raskið og umstangið á þessum slóðum.

### *Niðurstöður*

Að heimildakönnun lokinni og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að engar sýnilegar fornleifar lenda í fyrirhuguðu vegarstæði Ólafsvíkurvegar eða Útnesvegur nema á einum stað, austast á svæðinu. Þar þarf að gera könnunargröft til að staðfesta eða hrekja að þar séu mannvistarleifar sem njóta friðhelgi lögum samkvæmt. Á grundvelli þeirrar könnunar þarf að ákveða hvort leita skuli heimildar fyrir björgunargrefti og láta minjar víkja fyrir nýframkvæmdum, ellegar breyta fyrirhuguðu vegastæði, sbr.21. gr. Þjóðminjalaga.

Í námunda við fyrirhugaða vegi eru margvíslegar minjar en utan væntanlegs athafnasvæðis vegagerðarinnar. Við undirbúning framkvæmdanna skal gæta að því að umferð vinnuvéla sé haldið frá nálægum minjastöðum, einkum við Hraunhöfn, Hraunhafnarþakka, Landakot og Öxl.

Hér í skýrslulok er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hættu sé á að minjar finnist þar síðar. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda á borð við vegagerð. Að auki má nefna að svæðisskráning fornleifa hefur ekki verið gerð í Snæfellsnessýslu og aðalskráning er enn ekki hafin í Staðarsveit eða Breiðuvíkurbreppi. Núverandi staða fornleifaskráningar kemur vitaskuld ekki í veg fyrir að í framkvæmdir verði ráðist, enda fornleifaskráning ekki lögbundin forsenda umhverfismatsins. Hinsvegar munu eflaust fleiri minjar að bætast á þá skrá sem hér er birt við frekara skráningarstarf á svæðinu.

Undangengin rannsókn á minjum að Búðum og Öxl hefur leitt í ljós að ekki er kunnugt um aðrar fornar mannvistarleifar í vegastæðinu en meintar rústir nr. Sn:050:044. Er sú niðurstaða bundin þeim fyrirvara að fornleifar sem ekki eru nefndar í heimildum eða sjást ekki á yfirborði, kunna að koma í ljós við jarðrask síðar.

## Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Örnefnastofnun:

Ö-Öxl: Öxl [Örnefnaskrá]. Skrifað hefur Lúðvík Kristjánsson árið 1935. Heimildarmaður: Kjartan Þorkelsson, Hagaseli.

Ö-Búðir (a) : Búðir [örnefnaskrá ]. Lúðvík Kristjánsson skráði árið 1935.

Ö-Búðir (b) : Búðir [örnefnaskrá]. Ari Gíslason skráði.

Ö-Búðir (c) : Búðir - viðbætur [örnefnaskrá]. Kristján Guðbjartsson skráði.

Prentaðar heimildir:

Árni Thorlacius (1861) “Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, að svo miklu leyti, sem við kemur Þórsnes þingi hinu forna”, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta, II (1886)*, pp. 277-298.

Brynjúlfur Jónsson (1900) “Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899”, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 9-27.

**BS:** *Byggðir Snæfellsness*. Ritn.: Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson, Leifur Kr. Jóhannesson, Búnaðarsamb. Snæfellinga, án. útgst, 1977.

W[illiam] G. Collingwood og Jón Stefánsson, *A Pilgrimage to the Saga-Steads of Iceland*, Ulverston, W. Holmes, 1899.

Helgi Hjörvar (1932) “Snæfellsnes”, *Árbók Ferðafélags Íslands*, bls. 3-46.

**ÍF:I:** Íslendingabók. Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson gaf út, *Íslensk fornrit*, 1, Reykjavík.

**ÍF:IV:** Eyrbyggja saga. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. *Íslensk fornrit*, IV, Reykjavík. IV, 1935.

**JÁM:** Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, V,

Kaupmannahöfn, 1931-1933.


**JJ:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*, Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn, 1847.

Kálund, P. E. K. (1984-1986) *Íslenskir sögustaðir I-IV*, Reykjavík.

Ólafur Lárusson (1945) *Snæfellsnes I. Landnám á Snæfellsnesi*, Reykjavík.

**SS:** Snæfellsnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfu, *Snæfellsnes III*, Reykjavík, 1970.





Kort 1. Minjastaðir í og nærri fyrirhuguðu vegarstæði Ólafsvíkurvegjar.

